



### Ályktun 46. þings ASÍ um húsnæðismál

46. þingi ASÍ 2024 telur brýnt:

1. Að stjórnvöld, bæði ríki og sveitarfélög standi við gefin loforð í húsnæðismálum og hefji hér stórfelda og tafarlausu uppbyggingu með húsnæðisöryggi og sjálfbærni í fyrirúmi, þar á meðal með stöðugu framboði byggingarhæfra lóða. Verkalýðshreyfingin hefur sýnt bæði getu og vilja til að koma að þessari uppbyggingu í gegnum Bjarg og Blæ. Að áfram verði byggt upp í almenna íbúðakerfinu og horft til fyrirmynda annarra landa hvað varðar félagslegt leiguhúsnæði og vernd leigjenda.
2. Að ráðist verði í uppbyggingu á lágtekju- og hagkvæmu leiguhúsnæði að norrænni fyrirmynd, um land allt, með áherslu á langtímalausnir fyrir lágtekjuhópa og fyrstu kaupendur, þar sem lóða framboð verði tryggt til uppbyggingar án tafar.
3. Að félagslegt sjálfseignarhúsnæði verði hluti af húsnæðis framboði.
4. Að framkvæmdaaðilar sem byggja á óhagnaðardrífnum forsendum, geti frestað greiðslu fyrir lóðir til söludags íbúða með tryggingu í lóð og húsnæði.

46. þing ASÍ telur jafnframt að leggja þurfi sérstaka áherslu á eftirfarandi:

- Aukin réttindi leigjenda og húsnæðisöryggi til lengri tíma.
- Nýtt eignaíbúðakerfi á félagslegum grunni.
- Nýtt íbúðalánakerfi þar sem einn aðili hefur leyfi til að gefa út íbúðarskuldabréf og aukið gegnsæi íbúðarlána verðlagningu íbúðarlána og tryggja fyrirsjáanleika á lengri óverðtryggðum lánnum.
- Fjármögnun á almenna íbúðakerfinu – leggja verður áherslu á frekari uppbyggingu.
- Íbúðir fyrir fólk, ekki sem fjárfestingaafurð.

### Greinargerð

Alþýðusamband Íslands telur nauðsyn á neyðaraðgerðum í húsnæðismálum. Húsnæðismarkaður á Íslandi hefur lengi verið í ójafnvægi vegna aðgerðarleysis stjórnvalda og hér ríkir neyðarástand í húsnæðismálum. Hátt hlutfall tekna heimila er varið í húsnæðiskostnað, mikil óvissa á leigumarkaði og skortur á aðgengi að öruggu húsnæði fyrir alla. Það er ljóst að brýn nauðsyn er á að mæta þörfum heimila á Íslandi fyrir viðráðanlegan húsnæðiskostnað og húsnæðisöryggi. Virkja verður þau kerfi sem eru til staðar með þjóðarátaki í húsnæðismálum. Þak yfir höfuðið eru mannréttindi, en ekki leikvöllur fyrir fjármagnseigendur.

ASÍ leggur áherslu á að hér á landi verði staðan á húsnæðismarkaði með sambærilegum hætti og á hinum Norðurlöndunum, þar sem áratuga reynsla er af sjálfbærum og félagslega ábyrgum húsnæðislausnum. Þar sem lágtekjufólk hefur aðgang að hagkvæmu leiguhúsnæði og húsnæðisstefna er mótuð með langtímasjónarmið í huga. Í Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi hafa verið þróaðar lausnir sem stuðla að jafnvægi á markaðnum og tryggja öruggt og heilnæmt húsnæði fyrir fjölbreytta tekju- og aldurshópa og aðrar góðar fyrirmyndir má finna víðsvegar í Evrópu.



Íslenskt samfélag þolir ekki það ástand sem nú ríkir í húsnæðismálum sem hefur veruleg neikvæð samfélags- og efnahagslegs áhrif og þolinmæði fólks er á þrotum. Við krefjumst aðgerða strax.